



Reglur varðandi lyfjagjafir.

Megin reglan er að foreldrar sjá um lyfjagjafir fyrir börnin og bera ábyrgð á þeim .
Þetta er í fullu samræmi við reglur skólaskrifstofu og annarra leikskóla.

Þau lyf sem börn þurfa að taka oft á dag eða skyndilega eru undanþegin þessari reglu.
Það er þó mikilvægt að foreldrar séu milligöngumenn um réttar upplýsingar varðandi
lyfin og ber þeim að hafa gott samráð við deildarstjóra viðkomandi deildar. Dæmi um
þessi lyf eru astmalyf.

Flest fúkkalyf eru núna til í því formi að hægt er að gefa þau tvisvar á dag og foreldrar
ættu að sjá um að gefa börnunum þau lyf sjálf. Í þessum tilfellum er einnig oft um stutta
lyfjakúra að ræða og gætu foreldrar þuft að breyta út af venjunni og t.d .gefið börnunum
morgunmat heima til að lyfjagjöf geti farið fram með morgunmat.

Í öðrum tilfellum getur einnig verið um stutta lyfjakúra að ræða og þá gildir það sama.
Ef gefa þarf lyf þrisvar á dag með jöfnu millibili getur það verið í samvinnu við
deildarstjóra að ein lyfjagjöfin fari fram í leikkólanum.

Verkjalýf ætti ekki að þurfa að gefa börnunum í leikskólanum. Ef þeirra er þörf er líklegt
að barninu sé um megn að vera í skólaumhverfinu.

Ef barn er með hita á það einnig að vera heima.

Foreldrum er ávallt velkomið að leita samstarfs við deildarstjóra viðkomandi deildar.